

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Skýrsla stjórnar vegna ársins 2018

Skýrsla lesin á aðalfundi Nýlistasafnsins 10. apríl 2019,
Marshallhúsinu, Grandagarði 20, 101 Reykjavík.

Innri starfsemi

Fastir starfsmenn á tímabilinu, 2,4 -> 2,35 ársverk

- Þorgerður Ólafsdóttir fyrrverandi safnstjóri Nýlistasafnsins lét af störfum í júní.
- Dorothee Kirch, nýkjörinn formaður tók við starfi safnstjóra til aðlögunar í maí, en var ráðin í 70% starfshlutfall frá ágúst.
- Elín Þórhallsdóttir fyrrverandi framkvæmdarstjóri lét af störfum í lok september.
- Kolbrún Ýr Einarsdóttir framkvæmdastjóri snéri aftur til starfa í október eftir fæðingarorlof í 70% starfshlutfall.
- Becky Forsythe fyrrverandi safneignarfulltrúi, lét af störfum um miðjan október.
- Birkir Karlsson var ráðinn safneignarfulltrúi í hennar stað, en hann þekkir vel til Nýlistasafnsins og safneignarinnar í gegnum stjórnarsetu hans í Nýló. Hann hóf störf í október í 70% starfshlutfalli.
- Sunna Ástþórsdóttir verkefnastjóri var ráðin þann 1.nóvember í 25% starfshlutfall. Óloknir orlofdagar voru gerðir upp við alla fyrrum starfsmenn í október. Allar stöður lækkaðar úr 80% yfir í 70% til að rýmka fyrir stöðu Sunnu Ástþórsdóttur.

Aðalstjórn 2017–2019

Anna Líndal varaformaður, Amanda Rizzo gjaldkeri, Birkir Karlsson ritari, Kristín

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Rúnarsdóttir meðstjórnandi, Þorgerður Ólafsdóttir formaður stjórnar 2017–2018, Dorothee Kirch formaður stjórnar 2018–2019. **Varastjórn 2018–2019**

Auður Lóa Guðnadóttir, Kári Finnsson, Kristín Helga Ríkharðsdóttir. Fyrir utan hefðbundna stjórnarsetu hefur stjórn Nýló verið skrifstofunni til halds og trausts í uppsetningum sýninga og öllum viðburðum.

Aðrir starfsmenn og samstarfsfélagar

- Grafísk hönnun: Stúdíó Stúdíó (Arnar Freyr Guðmundsson & Birna Geirfinnsdóttir)
- Bókhald og endurskoðun: Íslenskir endurskoðendur.
- Ljósmyndun sýninga: Vigfús Birgisson.
- Yfirseta á fimmtudagskvöldin og um helgar: Birkir Karlsson, Karólína Ósk Þórisdóttir, Þórhildur Tinna Sigurðardóttir, Annahita Asgari, Hildur Elísa Jónsdóttir, Claire Paugam og Daría Sól Andrews.
- Starfsmenn og sjálfboðaliðar: Anaëlle Prêtre (BE), Daria Sól Andrews (IS/USA), Claye Bowler (UK), Laura Durban (DE), Amber Hönning (DE). **Safneignin, Nýlistasafnið í**

Breiðholti Nýlistasafnið heldur áfram varðveislurými sínu í Breiðholti með safneignargeymslur, rannsóknaraðstöðu og lítið verkefnarými. Það hefur engin fastur opnunartími verið í Völvufelli. Útbúin var sérstök aðstaða fyrir rannsóknir upp úr heimildarsöfnum. Safneignarfulltrúi hefur unnið eftir getu í um það bil tvo daga í viku í Völvufelli.

Árið 2019 er kominn tími á að endurnýja samninginn við Reykjavíkurborg um Völvufell til næstu fimm ára. Borgin hefur leigt helminginn af rýminu á móti safninu síðan sumarið 2014. Á síðasta ári lagði borgin kaup á öllu húsi í Völvufelli. Nemendagallerí Listaháskólans, RÝMD hefur áfram verið staðsett á efri hæð hússins.

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Ný verk í safneign

G.Erla , Guðrún Erla Geirsdóttir gaf safninu nokkur verk sem enn hefur ekki unnist tími til að skrásetja.

Karlotta Blöndal *Maiganga*, 2018

Katrín Agnes Klar *Untitled (Photoshop)*, 2017. Skúlptúr, viður, málmur, pappír.

Lukas Kinderman *1:1*, 2016. Skúlptúr, sandur, þrívíddarprent, ca. 25x67x52 cm.

Ólafur Lárusson Gjöf frá Diddu (Steinunni Svavarsdóttur). *OG ÖFUGT*, 1974. Tvær litljósmyndir, textaverk, 23x26.5 cm.

Ragnheiður Ragnarsdóttir *Fréttir og tilfinningar* , 1994. Innsetning.

Stýrmir Örn Guðmundsson *Butterfly Blues I, II og III*, 2014. Þrjár teikningar, blek á pappír, 150x225 cm.

Bjarki Bragason *Skurður / Cut* T veggja rása video-innsetning, 2006.

Bjarki Bragason *Fyrsti þáttur / Part one* L ljósmyndir ca. 200x100 cm, stultur, steinar, 2014.

Bjarki Bragason *Fyrsti þáttur / Part one* Þrjár svarthvítar ljósmyndir, ca. 60x70cm, 2014.

Skráning safneignar og heimildarsafna Nýlistasafnins

Á hverju ári er skráning verka í safneign betrubætt. Skráning er lifandi ferli sem þarf stöðugt að sinna. Áfram er verið að vinna að því að koma safneign fyrir þannig að hún sé aðgengileg og að heimildir safnsins nýtist rannsakendum sem best. Nýló hlaut styrk frá Safnasjóði til þess að halda áfram að skrá gjörningaarkífið. Sú vinna er í fullum gangi.

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Unnið var meðal annars að því að finna að möguleika til að gera gjörningaarkífið aðgengilegt á Sarpi, að útbúa leiðarvísi og skýrar leiðbeiningar hvernig

haga eigi skráningu heimilda, færa gögn yfir á stafrænt form og uppfæra og endurhugsa varðveisluaðferðir. Vinnan við að uppfæra gjafabréfin hefur einnig haldið áfram.

Mikið hefur verið unnið með arkífið um listamannrekin rými 2018, og er sú vinna að skila sér meðal annars í útgáfu um listamannrekin rými sem er um það bil að koma úr prentun. Safnið hefur kallað eftir frekari gögnum í heimildasafnið um listamannrekin rými og þó nokkuð efnið hefur borist. Á fyrsta hluta sýningarinnar Rúmelsi voru arkífin færð inn í sýningarrýmið og safngestum boðið að fylgjast með flokkun og skráningu og komu aðstandendur listamannareknu rýmana OPEN, Harbinger, Gallerí Ports, Listastofunnar og RÝMD með efni í arkífin.

Skráning á heimildarsafni um tengdum verkum Ólafs Lárussonar í Sarp er lokið og unnið er að því að gera það aðgengilegt á vefnum.

Safnfræðsla og leiðsagnir

Heimsóknir skólahópa halda áfram að aukast og safnið fær reglulega nemendahópa frá öllum mögulegu menntastigum. Starfsmenn skipta með sér leiðsögnum um yfirstandandi sýningar, ásamt því að fræða gesti um sögu safnsins, safneignina og heimildarsöfnin.

Á síðsta ári hafa starfsmenn safnsins tekið á mótí annarsvegar 21 skólahóp í Marshallhúsinu; sjö skólahópum á framhaldsskólastigi, tveimur hópum á grunnskólastigi og fjórtán hópum á háskólastigi og hinsvegar á mótí 21 hópum frá fyrirtækjum og öðrum einkaaðilum.

Okkur telst að gestafjöldi ársins sé um 12.600 manns, þar af um 200 börn. (Það gera um 2500 manns á hverja sýningu).

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Lán á listaverkum úr safneign

Nordatlantens Brygge fékk lánuð verkin *Lokið* eftir Hildi Hákonardóttur og *Steinþoku* eftir Magnús Pálsson fyrir sýninguna HIGH & LOW - Contemporary Art from Iceland. Sýningarstjóri var Heiðar Kári Rannversson.

Forvörsluverkefni

Til stendur að forverja *Blómið* eftir Jón Gunnar Árnason, og skipulagning þess er í vinnslu. Forvörslu á innsetningu Ívars Valgarðssonar frá 1982, *Án titils*, lauk á árinu og eru verkin komin aftur í Völvufell.

Önnur verkefni tengd safneign Nýlistasafnsins.

Jo Joelson, fræðimaður og listamaður kom og skoðaði verk úr safneign og heimildarsöfnin fyrir útgáfu sína *Library of Light*, sem kom út fyrir skömmu.

2017 var Nýlistasafnið beðið um taka þátt í eftirliti Safnaráðs með viðkurkenndum söfnum, í því fólst heilmikil skýrslugerð. Safnaráð kom með tillögur að úrbótum svo tryggja mætti betur hag verka í safneign, sem og verk sem eru hluti af sýningum safnsins. Við erum enn að huga að þessum úrbótum. Þetta er kostnaðarsamt verkefni og við erum í stöðugri leit að fjármagni í þau verkefni eins og önnur.

Samstarf

Nýlistasafnið, Kling og Bang, ið fyrir hönd Stúdíó Ólafs Elíassonar og Leifur Kolbeinsson fyrir hönd veitingastaðarins La Primavera mynda saman rekstrarfélag um Marshallhúsið. Félagið hittist reglulega og ræðir öll þau mál sem að tengjast húsinu og taka ákvarðanir um framhaldið.

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Nýlistasafnið heldur áfram samstarfi sínu við lögfræðistofu Ragnars Aðalsteinssonar, Réttur ehf. við Klapparstíg. Um er að ræða samkomulag og vinnuskipti en Nýló setur

árlega upp nýja sýningu með verkum úr safneign inn á sameiginleg rými stofunnar. Í staðinn aðstoða lögfræðingar Réttar með samninga og ýmis mál sem koma upp á safninu.

Starfsmenn safnsins halda áfram að taka reglulega á móti BA og MA nemendum í myndlist og listfræði við LHÍ og HÍ, og Myndlistarskólanum í Reykjavík.

Nýló og LHÍ gerðu með sér samkomulag um að Nýló muni hýsa útskriftarsýningu MA nema úr myndlistardeild næstu 3 árin.

Safnið heldur áfram að vinna með Kvikmyndasafni Íslands varðandi varðveislu á vídeóverkum safnsins og með Borgarskjalasafninu að skráningu og varðveislu heimildasafns Nýlistasafnsins, en þar má m.a. finna bréfasafn Nýlistasafnsins, sýningarboð og aðrar pappírsheimildir.

Tækja- og sýningarbúnaður

Lagt var kaup á vandaða höggborvél í samvinnu við Kling & Bang. Margmiðlunarspilarar safnsins voru endurnýjaðir, alls 4 stk, ásamt nokkrum mynd- og hljóðsnúrum.

Starfsstefna Nýlistasafnsins 2018-2022

Starfsstefna Nýlistasafnsins 2018-2022 var sent inn til höfuðsafns án breytinga.

Þóknunartaxti til listamanna

Nýlistasafnið hefur undanfarin ár reynt eftir fremsta megni að greiða listamönnum sem sýna í safninu. Á árinu 2018 greiddi safnið 1.611.277 kr í þóknun til listamanna, fyrir fimm sýningar og verkefni.

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Fjármálasamningar við ríki og borg

Nýlistasafnið er með þriggja ára samstarfssamning við Reykjavíkurborg sem gildir frá 2018 til 2020 og er upp á 17.3 milljónir á ári. Nýló er á fjárlögum með 10 milljónir á ári. Ekki hefur tekist að fá mennta- og menningarmálaráðherra til fundar á árinu sem leið. Eiríkur Þorláksson sem var tengiliður Nýló í ráðuneytinu lét af störfum í desember, Baldur Þórir Guðmundsson tók við af honum.

Eigin innkoma

Nýlistasafnið er sjálfseignarstofnun og ber því ábyrgð á eigin rekstri. Hlutverk stjórnar sem og skrifstofu er því meðal annars að finna skapandi leiðir til að efla fjárhag. Fjáröflun á síðasta ári var gerð í gegnum styrkumsóknir, útleigu á rými, sölu á bókum, plakötum og fjölfeldum ásamt frjálsum framlögum gesta.

Samtals náðist að safna **14.034.764 kr** sem deilast í

- Safnasjóður: 2.900.000 kr.
- Myndlistarsjóður: 1.900.000 kr.
- Aðrir sjóðir: 3.952.479 kr.
 - Stofnstyrkur, seinni greiðsla: 1.000.000 kr.
 - Annað: Bókmenntasjóður, Menningarnótt og Fullveldisstyrkur
- Vinir Nýló: 980.000 kr
- Útleiga á rými: 961.000 kr.
- Donations kassi: 83.156 kr.

Nýlistasafnið The Living Art Museum

- Félagsgjöld: 1.368.050 kr.
- Safnbúð: 1.134.817 kr. (ath gefur ekki rétta mynd af tekjum þar sem uppgjör við marga var gert eftir áramót).
- Annað s.s. tækjalán og leiðsagnir: 838.427 kr.

Eins og tekið var fram á ársfundi 2017 var kominn tími á að nýta peninginn frá fjáröflun safnsins árið 2014 í flutning, frágang og standsetningu rými safnsins í nýju húsnæði og bæta aðstöðu safneignar í Breiðholti eins og hægt væri. Sá peningur var að klárast á árinu.

Helstu styrktaraðilar safnsins eru Slippfélagið sem útvega safninu málningu og efni fyrir 350.000 á ári. Eins og er hefur safnið keypt bjór af Kalda sem gefur einn kassa á móti hverjum kassa sem að safnið hefur keypt.

Ytri starfsemi

Sýningar

- *Fjarrænt efni*, Katrín Agnes Klar og Lukas Kindermann í sýningarstjórn Becky Forsythe. 19.01.18 - 11.03.18

○ Úr sýningarskrá: “Distant Matter er fyrsta yfirgripsmikla samsýning Katrínar Agnesar Klar og Lukas Kindermann. Með aftengdum og endurröðuðum ásýndum efnis gegnum hvert og eitt verk, styðst sýningin við sendar upplýsingar, þrívíddarlíkön úr geimnum, íspinnalitaðar skjáhvílur og sjóndeildarhringi veggspjalda sem leið til að rýna í hversdagslega framsetningu og sem ferðalag um reglufast kerfi alheimsins.”

- *Milli fjalls og fjöru*, Ragna Róbertsdóttir í sýningarstjórn Þorgerðar Ólafsdóttir & Becky

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Forsythe. Hönnun sýningar var í umsjón Ásmundar Hrafns Sturlusonar. 24.03.18 - 19.05.18

○ Úr sýningarskrá: “Í verkum Rögnu sameinast hugmyndir okkar um villta náttúru og manggert umhverfi í eitt. Maðurinn hefur haft áhrif á náttúruna frá því að hann fór að færa til steina, steina sem við getum enn séð standa í Bretlandi og Frakklandi. Allt í kringum Rögnu er þessi tegund hreyfðar náttúru, hvort sem hún er stödd á Hóli í Arnarfirði, í vinnustofu sinni í miðbæ Reykjavíkur eða á heimili sínu í Moabit hverfinu í Berlín.”

● *Djúpprýstingur*, afmælissýning Nýlistasafnsins. Listamenn sem áttu verk á sýningunni voru: Atli Heimir Sveinsson, Andreas Brunner, Auður Lóa Guðnadóttir & Starkaður Sigurðarson, Ásgerður Birna Björnsdóttir, Ásta Ólafsdóttir, Björk Guðnadóttir, Daniel Pflumm, Dieter Roth, Douwe Jan Bakker, Edilson, Eirún Sigurðardóttir, Erika MacPherson, Rachel Zolf, Geoffrey Hendricks, Guðrún Einarsdóttir, High Heel Sisters, Hörður Ágústsson, Jóhanna Kristín Yngvadóttir, Jón Gunnar Árnason, Juliane Foronda, Kristín Helga Ríkharðsdóttir, Níels Hafstein, Róska, Rúna Þorkelsdóttir, Saga Sigurðardóttir, Sigurður Guðmundsson, Sólveig Aðalsteinsdóttir og Veigar Ölnir Gunnarsson. 07.06.18 - 12.08.2018

○ Úr sýningarskrá: “Nýlistasafnið (Nýlól) var stofnað árið 1978 af hópi 27 listamanna og er í dag eitt elsta safn og sýningarrými í Evrópu sem rekið er af listamönnum. Safneignin telur yfir 2.000 verk auk þess að varðveita mikið magn heimilda, m.a. einstakt arkíf um gjörningalist á Íslandi og listamannarekin rými. Í fjörutíu ára sögu Nýlól hafa yfir 2.500 íslenskir og erlendir listamenn komið að sýningum og viðburðum í safninu.”

● *Annað rými*, Eygló Harðardóttir. 06.09.18 - 28.10.18

○ Úr sýningarskrá: “Verk Eyglóar á sýningunni Annað rými eru í stöðugri þróun. Á sinn hátt minnir ferlið á vöxt kristalla, sem kallar á viðbrögð umhverfisins við hverja hreyfingu og viðbótar örvun. Sumum verkanna tekst að ögra rýminu og gefa okkur hugmynd um aðra möguleika, á meðan önnur gefa því ákveðna staðfestingu og auka meðvitund okkar um það. Litir, efnisgerð og fundnir hlutir mynda

Nýlistasafnið The Living Art Museum

áreynslulaust jafnvægi milli verkanna, þar sem þeim er raðað og mynda tímabundið annað rými.”

- Eygló fékk myndlistarverðlaun fyrir sýninguna

Annað Rými.

- *Rúmelsi*, “ekki sýning” um frumkvæði myndlistarmanna, 13.11.18 - 16.12.18
 - Heimildarsafn Nýló um listamannarekin rými
 - Laumulistasamsteypan
 - Ekkisens
- Auglýst var eftir tillögum um haustsýningu 2019. 19.11.2019

Viðburðir

- 40 ára Afmælispartý Nýlistasafnsins í janúar 2018
- What are people for. Anna McCarthy & Manuela Rzytki, tónleikar, gjörningur, Menningarnótt 2018, 18.08.18
- We are here. Detel Aurand, bókarkynning og örsýning, í samtali við Claudia von Hausfeld, 11.10.18
- Liminalities. Haraldur Jónsson, Margrét H Blöndal, Anna Rún Tryggvadóttir, Darri Lorenzen; Kaj Duncan David, Rama Gottfried, Ann Cleare; Ensemble Mosaik. Tónleikar & Myndlist, Cycle.is, 4.11.18
- Rými Listamanna, Samtal um Frumkvæði Listamanna. Mark Cullen frá Pallas Projects í Dublin og annar af ritstjórum *Artist Run Europe*, Unnar Örn Auðarson í samtali við Ingólf Arnarsson og Eggert Péturson, Una Sigurðardóttir og Vinnie Wood frá

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði, Úlfur Görnvold fyrir hönd Kling & Bang og Steinunn Önnudóttir fyrir hönd Harbinger. Pallborðsumræður sátu auk annarra þátttakenda Edda Kristín Sigurjónsdóttir, Birta Guðjónsdóttir, Þorgerður Ólafsdóttir og Sindri Leifsson.
Málþing, 10.11.18

- Lestrarfélag Nýlistasafnsins var stofnað á árinu að frumkvæði Önnu Líndal, stjórnarmeðlims. Félagið stóð fyrir þremur lestrarkvöldum fyrir áramót en í hvert skipti var einn eða fleiri aðilar úr íslensku myndlistarlífi fengnir til að velja grein og stýra umræðum.
- Auk ýmissa viðburða sem tengdust sýningunum, gjörningar, listamannaspjall, sýningastjóraspjall, o.s.fr.

Útgáfur

Útgáfa safnsins um listamannarekin rými er á lokametrunum. Bókin var unnin upp úr heimildarsafni Nýló um listamannarekin rými. Becky Forsythe, Birkir Karlsson, Unnar Örn Auðarson og Þorgerður Ólafsdóttir sátu í ritstjórn. Heiða Björk Árnadóttir, Starkaður Sigurðarson og G.Erla, Guðrún Erla Geirsdóttir, skrifuðu greinar fyrir útgáfuna.

Horft til 2019

Á dagskrá 2019 er að leggja mikla áherslu á fjármögnun, bæði til undibúnings fyrir næstu ár en einnig til framkvæmda á þessu ári. Forsenda þess að Nýló getur sinnt hlutverki sínu er að eiga fjármagn fyrir því. Það sem við erum aðallega að skoða fyrir utan hefðbundnar leiðir í gegnum styrkumsóknir og samtal við yfirvöldin og eigin innkomu, eru stærri fjármögnunarviðburðir og Evrópustyrkir.

Við munum leggja áhersla á að styrkja safneignadeild Nýló með aukinni áherslu á sýningar með verkum úr safneign, rannsóknum og almennt utanumhald.

Sýningarnar árið 2019:

Nýlistasafnið The Living Art Museum

- Kolbeinn Hugi Höskuldsson & Bjarki Bragason
- Arna Óttarsdóttir
- Útskriftarsýning meistaranema í myndlist í Listaháskólanum
- ...og hvað svo? Samsýning í sýningarstjórn Sunnu Ástþórsdóttur
- Karl Ómarsson – sem valinn var úr umsækjendum eftir „open call“ í fyrir fulltrúa
- Sequences – Real Time Art Festival, í sýningarstjórn Hildigunnar Birgisdóttur og Ingólfs Árnarsonar

Viðburðir 2019:

Áætlað er að virkja fremra rýmið í örsýningar og/eða aðra uppákomur eins og t.d. bókakynningar, vídeóverkasýningar, o.s.fr.

Lestrarfélagið: Þegar Anna Línadal fór til Berlínar í vinnustofudvöl tók Eygló Harðardóttir við umsjón Lestrarfélagsins. Félagið er nú komið í sumarfrí en þráðurinn verður tekinn aftur

Marshallhúsið

Grandagarður 20
+354 551 43 50

101 Reykjavík
www.nylo.is

Iceland
nylo@nylo.is

Nýlistasafnið The Living Art Museum

Nýlistasafnið The Living Art Museum


upp í haust.

Útgáfur 2019:


Ekki er áætlað að gefa út bók í ár aðra en Listamannarekin rými.

Greiðslur til listamanna:

Á ársfundi 2017 var lögð fram sú áætlun að greiða listamönnum 180.000 kr fyrir einkasýningar. Farið var sem næst flokk 2 í gjaldskrá "Borgum listamönnum". Eftir að hafa lagst yfir ársreikninga og útgjöld var ljóst að þessi upphæð er safninu of há í ljósi þeirra fjármuna sem Nýló getur lagt til hvernar sýningar. Á þessu ári mun Nýlistasafnið miða við flokk 3 í gjaldskrá "Borgum listamönnum" sem þýðir að greiðslur fyrir einkasýningar verða um 90.000 kr fyrir 5-6 vikna sýningar. Nýló var í flokki 3 en færðist upp í flokk 2 við flutningana í Marshallhúsið, farið er eftir aðsóknartölum við flokkun.



Dorothee Kirch, formaður stjórnar



Kristín Rúnardóttir

Andri Þórunn

KRISTIN HELGA RICHARÐSDÓTTIR

